



## Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafelssýslu

Stofnanasamningur fyrir  
félagsmenn í KÍ

Ágúst 2023

## Innihald

1.	Ínngangur.....	3
2.	Markmið.....	3
3.	Hlutverk og starfshættir samstarfsnefndar.....	3
4.	Sérstök verkefni.....	3
5.	Fjallanám.....	4
6.	Vinnumat og röðun.....	4
7.	Röðun starfa í launaflokka.....	6
8.	Röðun á þrep.....	7
9.	Gildistími og endurskoðun.....	8
10.	Undirritun.....	8
11.	Fylgiskjal 1.....	9
12.	Fylgiskjal 2.....	10

AHD  
H.W. J.S.  
X/S

## 1. Inngangur

Stofnanasamningur bessi er gerður á grundvelli kjarasamnings fjármálaráðherra og Kennarasambands Íslands frá 1. mars 2014 og síðari tíma endurskoðun á honum. Aðilar samningsins eru Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu og félagsmenn Kennarasambands Íslands sem þar starfa.

## 2. Markmið

Aðilar samningsins eru sammála um eftirtalin meginmarkmið:

- að launakerfið sé sveigjanlegt og gagnsætt og ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum hætti
- að launakerfið sé starfsmönnum hvatning til markvissari vinnu sem stuðli að gæðum í innra starfi og aukinni farsæld nemenda
- að kennrar haldi við þekkingu sinni og hæfni og tileinki sér nýjungar
- að launakerfið stuðli að starfsþróun
- að launakerfið stuðli að launajafnrétti kynjanna
- að skólinn geti boðið upp á fjölbreytt og vandað námsframboð og gert nemendur sína þar með samkeppnishæfa þegar úr skólanum er komið.

## 3. Hlutverk og starfshættir samstarfsnefndar

Hlutverk samstarfsnefndar er einkum þetta:

- að gera, endurskoða og breyta stofnanasamningi
- að vera skólameistara til samráðs um álitamál um röðun í flokka og þrep
- að fjalla um ágreiningsmál sem upp kunna að koma vegna framkvæmdar samningsins verði miklar breytingar á forsendum sem aðilar eru sammála um að þarfist leiðréttigar, þá verða þær lagfærðar í samstarfsnefnd
- ef ekki næst samkomulag um ágreiningsefni í samstarfsnefnd þá skal skjóta þeim til sáttanefndar. Sjá gildandi ákvæði í aðalkjarasamningi hverju sinni.

## 4. Sérstök verkefni

### 4.1. Verkefnastjóri

Hver sá sem uppfyllir skilyrði um verkefnastjórn getur orðið verkefnastjóri, sbr. grein 7.4. Þeir sem sækjast eftir verkefnastjórn semja um það við skólameistara fyrir upphaf annar. Verkefnastjóri er verkstjóri tiltekinna sviða eða viðfangsefna. Hann er leiðandi á sínu sviði og sér einnig um einstaka þróunarverkefni. Stærð og umfang vinnu verkefnastjóra er breytilegt. Um getur verið að ræða tímabundin verkefni eða verkefni til lengri tíma. Vinna við einstaka þróunarverkefni getur verið til skamms tíma. Dæmi um verkefnastjórn eru; umsjón með fjarnámi, umsjón með námi í fjallamennsku, erlend samskipti og vefstjórn. Skólameistari getur skipað verkefnastjóra í ný verkefni sem hér hafa ekki verið tilgreind.

#### 4.2. Umsjónarkennari

Verkefni umsjónarkennara eru eftirfarandi:

- viðhald langtímaáætlunar sem unnin hefur verið fyrir nemandann
- umsjónarviðtöl á hverri önn
- tveir umsjónarfundir á önn
- yfirsýn yfir stöðu nemandans
- miðlun upplýsinga um stöðu nemenda
- samráðsfundir umsjónarkennara
- foreldrasamstarf

#### 4.3. Teymisstjóri

Hefur umsjón með teymum og ber ábyrgð á að koma til framkvæmda þeim verkefnum sem skilgreind eru af teymi í verkáætlun. Verkáætlun teyma samræmist markmiðum stofnunarinnar.

Teymisstjóri skipuleggur, forgangsraðar, skýrir hlutverk teymisliða og sér um samhæfingu verkefna, fylgir eftir framkvæmd verkefna og veitir endurgjöf. Skólameistari skipar teymisstjóra. Teymi eiga að funda reglulega yfir önnina og funda einu sinni á önn með skólameistara. Teymi eru með TEAMS-svæði þar sem öll skrifleg gögn teymisins eiga að vera geymd (til að mynda fundargerðir).

Skólameistari er með aðgang að TEAMS-svæði teymis. Mikilvægt er að halda utan um öll gögn á þessu svæði svo hver og einn meðlimur teymis og einnig skólameistari geti skoðað stöðu þess hvenær sem er.

### 5. Fjallanám

Kennsla í fjallamennsku fer fram að mestu í svokölluðu dreifnámi. Dreifnám er fjarnám sem er líkt og hefðbundið fjarnám kennt í gegnum netið, ásamt því að nemendur þurfa að mæta í verklegar lotur jafnt og þétt yfir önnina sem oft eru kenndar utan hefðbundins skólatíma um helgar og á kvöldin. Þar sem námið er á óhefðbundnum vinnutíma er kostnaður við námið mun meiri en þegar um hefðbundið fjarnám er að ræða og þurfa nemendur því að greiða svokallað einingagjald á hverri önn til að koma til móts við þennan kostnað.

Kennrar í fjallamennskunámi FAS eru sérfræðingar á sínu sviði og hafa margir hverjir áratugareynslu af störfum í ferðapjónustu. Ábyrgð í starfi er mikil og er hlutfall kennara á nemanda í verklegum áföngum námsins einn kennari á hverja sex nemendur. Kennrar þurfa oft að vinna undir mjög erfiðum kringumstæðum, þegar t.d. kemur að veðri og aðstæðum á fjöllum eða jöklum. Vegna þessarar sérstöðu er sérstakt vinnumat fyrir fjallamennskunám FAS og vinna kennrar eftir því. Vinnumatsnefnd skólans hefur metið vinnutíma bak við áfangana.

### 6. Vinnumat og röðun

Í upphafi annar er gert vinnumat fyrir hvern starfsmann. Vinnumat skiptist í A, B og C liði samkvæmt kjarasamningi. Að vinnumi koma; skólameistari, áfangastjóri, trúnaðarmaður og einn úr samstarfsnefnd. Á vinnumatsfund er farið yfir launaráðun starfsfólks og hún uppfærð ef tilefni eru til, s.s. vegna starfsreynslu og viðbótarmenntunar. Fyrir vinnumatsfund hefur hver starfsmaður möguleika á að leggja fram gögn sem hafa áhrif á röðun í launaflokka og þrep, s.s. gögn um fyrri störf og menntun. Á skóladagatali skal tilgreina vinnumatsfund. Gögn sem starfsmaður leggur fram þurfa

að vera skrifleg og þau varðveitt í skjalasafni skólans. Að loknum vinnumatsfundí sjá starfsmenn vinnumat og röðun í innu. Ef útlit er fyrir að vinna fari umfram það sem gert er ráð fyrir í vinnumati þarf að gera skólameistara grein fyrir því. Skólameistari tekur þá ákvörðun í samráði við viðkomandi starfsmann hvort greitt verði sérstaklega fyrir aukið umfang eða dregið úr vinnu. Skólameistari ber ábyrgð á að boða til vinnumatsfundar. Ef kennari uppfyllir ekki vinnuskyldu samkvæmt vinnumati hefur viðkomandi val um að minnka starfshlutfall eða taka að sér verkefni sem skólameistari úthlutar.

A handwritten signature in blue ink, likely a digital scan. It consists of several initials and possibly a name: 'H.W.', 'HHP', 'HS', and 'J.S.'. The handwriting is cursive and somewhat stylized.

## 7. Röðun starfa í launaflokka

7.1. Röðun í launaflokka byggir á röðun starfa í fimm flokka; leiðbeinandi, kennari, verkefnastjóri, námsráðgjafi og stjórnendur.

7.2. Röðunin skal vera eftirfarandi:

7.2.1. Starfsmenn raðast frá launaflokki 3-1 til 10-1 með tilliti til menntunar, reynslu og frammistöðu með eftirfarandi hætti:

7.2.2. Leiðbeinandi án fagprófs eða háskólaprófs raðast í launaflokk 3-1.

7.2.3. Leiðbeinandi með fagpróf eða diplómunám raðast í launaflokk 4-1.

7.2.4. Leiðbeinandi sem hefur lokið grunnmenntun á háskólastigi raðast í launaflokk 5-1.

7.2.5. Leiðbeinandi með diplómunám til viðbótar grunnnámi á háskólastigi raðast í launaflokk 6-1.

7.2.6. Kennari með leyfisbréf sem kennari raðast í launaflokk 7-1.

7.2.7. Þegar starfsmaður er ráðinn til starfa skal skólinn kalla eftir gögnum um reynslu og menntun sem metin er við röðun í launaflokk.

Eftir 3 ár við kennslutengd störf við FAS hækkar leiðbeinandi um 1 þrep.

7.3. Eftirtaldir þættir leiða til hækkunar kennara milli launaflokka:

7.3.1. Eftir tveggja ára kennslu hækkar kennari um launaflokk.

7.3.2. Eftir fjögurra ára kennslu hækkar kennari um launaflokk.

7.3.3. Eftir átta ára kennslu hækkar kennari um launaflokk.

7.3.4. Eftir tólf ára kennslu hækkar kennari um launaflokk.

7.4. Verkefnastjóri raðast frá launaflokki 10-1 til 13-1.

7.4.1. Verkefnastjórar sem uppfylla eftirfarandi skilyrði raðast í launaflokk 11-1 – 13-1:

7.4.2. Verkefnastjóri skal hafa kennsluréttindi.

7.4.3. Verkefnastjóri þarf að vera í fullu starfi.

7.4.4. Verkefnastjóri þarf að gera ráð fyrir því að einhver vinna falli utan hefðbundinnar vinnuskyldu kennara.

7.4.5. Miðað er við að verkefnastjórn sé að lágmarki 100 klukkustundir á önn og fellur undir C hluta vinnumats.

7.4.6. Við sérstakar aðstæður getur starfsmaður orðið verkefnastjóri þó hann uppfylli ekki öll ofangreind skilyrði og raðast hann þá í launaflokk 10-1.

7.4.7. Verkefnastjóri hækkar um launaflokk eftir þrjú ár og aftur um launaflokk eftir sex ára starf sem slíkur.

7.5. Teymisstjóri raðast samkvæmt sinni menntun en fær að auki eitt þrep á meðan hann sinnir störfum sem teymisstjóri.

7.6. Námsráðgjafi, áfangastjóri og aðstoðarskólameistari

7.6.1. Námsráðgjafi raðast frá flokki 11-1 til 13-1. Laun hans hækka um launaflokk eftir þrjú ár og aftur um launaflokk eftir sex ára starf sem námsráðgjafi.

7.6.2. Áfangastjóri raðast frá flokki 14-1 til 16-1. Laun hans hækka um launaflokk eftir þrjú ár og um launaflokk eftir sex ára starf sem áfangastjóri.

7.6.3. Aðstoðarskólameistari raðast frá flokki 15-1 til 17-1. Laun hans hækka um launaflokk eftir þrjú ár og aftur eftir sex ára starf sem aðstoðarskólameistari.

H.W. A.H.P.  
2.5.

## 8. Röðun á þrep

Eftirtaldir þættir leiða til þrepahækkunar:

- 8.1. Formleg viðbótarmenntun á framhalds- eða háskólastigi sem nýtist í starfi og ekki leiðir til hækkunar um launaflokk veldur varanlegri hækkun um eitt þrep. Með formlegri viðbótarmenntun er átt við diplómanám, grunnnám, mastersnám og doktorsnám.
- 8.2. Hvert eftirtalinna atriða getur leitt til hækkunar um eitt þrep fyrir yfirstandandi skólaár:
- 8.3. Stuðningur við aðra starfsmenn, s.s. leiðsögn nýliða og annað sambærilegt (sjá fylgiskjal 2).
- 8.4. Nýjungar í skólastarfi sem valda aukaálagi, s.s. þróunarvinna í kennslu og öðrum störfum (sjá fylgiskjal 2).
- 8.5. Tengsl út fyrir skólann, s.s. við aðra í Nýheimum, aðra skóla og samfélagið.
- 8.6. Sérverkefni, s.s. þátttaka í þróunarverkefnum.

Kennari getur óskað eftir hækkun um þrep vegna atriða sem gagnast skólastarfinu og ekki hafa verið talin upp hér að framan (sjá fylgiskjal 2).

Samkvæmt bókun tvö á kjarasamningi KÍ og fjármála- og efnahagsráðherra frá 31. mars 2021 skal efla samkeppnisstöðu framhaldsskóla og auka tækifæri félagsfólks til að skapa hvata til að hafa áhrif á launaþróun (sjá fylgiskjal 1).

Endurmenntunarnámskeið kennara og stjórnenda eru metin til stiga. Tímabundið þrep vegna endurmenntunarstiga fyrir kennara, ráðgjafa og stjórnendur.

Skilyrði fyrir veitingu þreps:

- Nám/námskeið sem nýtist í starfi.
- Einingabært nám (ECTS), námskeið, fræðsluerindi/fyrirlestrar, ráðstefnur, námsferðir og annað sérhæft nám.
- Umsækjandi sér alfarið um að halda utan um gögn sín.
- Þegar safnast hafa 50 stig er gögnum um lokna endurmenntun skilað til aðstoðarskólameistara.
- Skiladagsetningar:
  - Fyrir 20. ágúst vegna þreps sem tekur gildi 1. ágúst.
  - Fyrir 20. janúar vegna þreps sem tekur gildi 1. janúar.

Þessi tímabundna hækkun er til eins árs í senn. Staðfesting á endurmenntun getur ekki verið eldri en priggja ára þegar henni er skilað inn.

Stigagjöf:

Fræðsluerindi/-fundur 1 til 4 klst.	1 – 4
Dagsráðstefna, - fundur, - námsferð	5 á dag
Tveggja daga námskeið	10
Þriggja daga námskeið	15
Fjögurra daga námskeið	20
Fimm daga námskeið	25

H.W. A.H.P. d. V. H.S.


## 9. Gildistími og endurskoðun

Samningur þessi gildir frá 1. ágúst 2023 til 31. júlí 2025, en framlengist sjálfkrafa ef ekki er búið að ganga frá nýjum samningi fyrir lok samningstímans. Hvor aðili um sig getur óskað eftir endurskoðun á samningnum.


## Undirritun

Höfn í Hornafirði, 20. júní 2023

Fyrir Framhaldsskólann í Austur-Skaftafelssýslu:

  
Lind D. Völundardóttir (sign),  
skólameistari

Fyrir kennarafélag FAS (FF)

  
Agnes Heiða Þorsteinsdóttir (sign)

Fyrir kennarafélag FAS (FS):

  
Herdís I. Waage (sign)

  
Hjörðís Skírnisdóttir (sign)

## Fylgiskjal 1

### Umsókn um þrepahækkun samkvæmt bókun tvö

Skv. bókun 2 í samkomulagi um breytingu á kjarasamningi KÍ og fjármála- og efnahagsráðherra frá 31. mars 2021 skal efla samkeppnisstöðu framhaldsskóla og auka tækifæri félagsfólks til að hafa áhrif á launaþróun og skapa hvata til að auka virkni stofnanasamninga með árvissu framlagi. *Sérstaklega skal horft til nýliðunar, framþróunar í starfi, starfsþróunar og nýsköpunar í samræmi við þarfir skólans.* Til þessa verkefnis er skólanum úthlutað fjármagni árlega og fær FAS sem svarar 8 launaþrepum til úthlutunar til kennara á hverri önn. Sótt er um á rafrænu eyðublaði fyrir 1. september ár hvert og gildir hækkunin frá í eitt ár.

Stjórn kennarafélagsins ber ábyrgð á að kynna bókunina og umsóknarferlið fyrir félagsmönnum. Skólameistari ásamt einum úr stjórn kennarafélagsins fara yfir umsóknir og sjá um úthlutun. Skólameistari sér um að tilkynna um úrskurð úthlutana.

AH  
HS HW  
HS

## Fylgiskjal 2

Fyrir eftirfarandi störf er greitt með þessum hætti:

1 þrep samsvarar u.b.b. 24 klst.

Starf/verkefni	Hvernig greitt	Tímabil
Fulltrúi kennara í skólanefnd	Tímamælt	
Fulltrúi kennara í skólaráði	Tímamælt	
Umsjónarkennari C	1 þrep	Skólaár
Skólastakemmtanir – gæsla	Tímamælt	
Kvöldfundir umfram einn á önn/skólaári	Tímamælt	
Kennsla nýs áfanga	1 þrep	Önn
Starfsþróunarverkefni	1 þrep	Önn
Yfirlestur	1 þrep	Skólaár
Fréttaskrif	1 þrep	Skólaár
Umsjón með samfélagsmiðlum	1 þrep	Skólaár
Stuðningur við nýjan kennara	1 þrep	Önn
Nýjungar í skólastarfi	1 þrep	Önn
Þátttaka í erlendu samstarfi án nemenda	1 þrep	Önn/skólaár
Teymisstjóri	1 þrep	Skólaár
Sjálfsmatsskýrsla	1 þrep	Önn/skólaár
Þemadagaskipulag	Tímamælt	Önn
Jafnréttisfulltrúi	1 þrep	Skólaár
Forvarnarfulltrúi	1 þrep	Skólaár
Heilsueflandi framhaldsskóli	1 þrep	Skólaár

A handwritten signature in blue ink, appearing to read "H. W. J. S. AHP". Below it is another signature that looks like "R. S.".